

Efni: Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Sæl

Ég vildi kanna möguleikann á því að koma upp svo kallaðri “zipline” þjónustu í Vestmannaeyjum. Hvaða leyfi þarf frá sveitarfélaginu fyrir slíkum búnaði og hvaða upplýsingum og gögnum þarf að skila inn.

Verkefnið

Að opna Zipline þjónustu í Vestmannaeyjum og bjóða upp á gönguferð með leiðsögn ásamt Zipline salíbunum. Hugsanlega 3-4 línur í mismunandi lengdum frá 100 og upp í 250 metra langar ævintýrabunur. Það er reynsla mín af samtölum við aðila í ferðaþjónustu að Vestmannaeyjum vantar meira af skipulagðri afþreyingu fyrir gesti bæði erlenda sem innlenda. Sérstaklega vantar afþreyingu sem hægt er að stunda stóran hluta ársins og er ekki jafn háð veðri eins og margar aðrar. Þetta gæti orðið góður valkostur fyrir bæði hópa og einstaklinga. Fyrirbærið hefur notið mikilla vinsælda á öðrum stöðum hér á landi.

Framkvæmdin

Koma þarf fyrir stólum eða festingum sem vírin er síðan festur á. Þessar festingar eru festar beint í berk með þar til gerðum boltum. Hugsanlega þyrfti í einhverjum tilfellum að reisa litla palla við upphafs og endastöðvar brautanna til að auka öryggi farþega og hlífa jarðveginum á viðkomandi svæði. Einnig gæti þurft að koma fyrir þrepum eða keðjum til stuðnings fyrir þá sem um svæðið fara. Staðsetningar brautana yrðu valdar með tilliti til þess að trufla ekki aðra gangandi vegfarendur um viðkomandi svæði. Vírarnir/brautirnar hafa lítið sjónrænt inngrip og starfsemin og framkvæmdin er með öllu afturkræf án varanlegra ummerkja fyrir umhverfið.

Aðstaða:

Hugmyndin er að aðstaða fyrir búnað og annað verði í húsnæði í nágrenninu.

Staðsetningar

Margar staðsetningar koma til greina og margir þættir sem þarf að taka tillit til. Staðurinn þarf augljóslega að bjóða upp á ákveðinn hæðarmun. Landslag og útsýni þarf að vera fallegt og bjóða upp á skemmtilega upplifun fyrir gesti.

Herjólfsdalur

Kostir:

- Fallegt útsýni
- Margvísleg saga og menning sem tengist svæðinu
- Auðveld ganga
- Nálægð við tjaldsvæði
- Ekki mjög langt frá miðbæ
- Víða góð bergfesta

Gallar:

- Hefur tilfinningalegt gildi fyrir marga og hafa inngríp þar mörg valdið usla
- Gæti verið snúið að halda úti rekstri á Þjóðhátíð

Fyrri inngríp á svæði:

- Göngustígar
- Leiktæki
- Byggingar
- Girðingar og rétt

Skiphellar/Há

Kostir:

- Truflar fáa, svæðið hefur takmarkað tilfinningalegt gildi
- Lítil áhrif á fugla eða dýralíf
- Auðveld ganga
- Auðvelt að koma búnaði upp
- Getur unnið með Spröngunni
- Nálægð við bæinn
- Víða góð bergfesta
- Ofan af Hánni er mjög gott útsýni og auðvelt að fara yfir sögu, menningu og jarðfræði Vestmannaeyja út frá ýmsum hliðum.

Gallar:

- Aðkoman er ljót sem gerir minna úr upplifun,
- Vissulega fyrirfinnst tilkomumeira landslag til að svífa yfir í Vestmannaeyjum.

Fyrri inngríp á svæði:

- Aðkoman er óspennandi iðnaðarsvæði
- Ummerki eftir vatnstank og vegur að honum
- Fjarskiptabúnaður á Há

Stórhöfði/Höfðavík

Kostir:

- Stórbrotin náttúra
- Fallegt útsýni
- Auðveld ganga
- Auðvelt að koma búnaði upp
- Víða góð bergfesta
- Væri hægt að gera frábæra leið yfir sjó.

Gallar:

- Langt frá miðbæ
- Fáar leiðir til að renna fram og til baka
- Gæti haft truflandi áhrif á búsvæði dýra og fugla

Fyrri inngríp á svæði:

- Vegur og slóðar
- Forir og byggingar
- Útsýnis hús
- Girðingar og réttir

Það er mín skoðun að svæðið milli Hánnar og Skiphella (Sandskörð) henti best og vísa ég í þá kosti og galla sem ég tel hér að ofan. Ég er að láta vinna fyrir mig kort af svæðinu í þvíidd með nákvæmum hæðarpunktum til þess að geta sett fram nákvæmari mynd af leiðunum. Ég tel líka nálægðina við Sprönguna geti unnið vel með þessu verkefni og stuðlað að kynningu og varðveislu á þessum merkilega menningararfi okkar Eyjamanna sem sprang og bjargsig eru. Ég vona að þetta erindi mitt fái jákvæða umfjöllun og ég fá tækifæri á að vinna verkefnið áfram í samráði við skipulagsyfirköld.